

Fundargerð 76. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 21. mars 2013, kl. 10:30 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Friðjón Einarsson  
Sigrún Árnadóttir,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.  
Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri ÞK, kom inn á fundinn undir lið nr. 3

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Fundargerðin borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. *ESA v. Verne*

Framkvæmdastjóri fór yfir málið. Málflutningur fyrir EFTA-dómstólnum hefur verið ákveðin þann 15. maí nk.

3. *Herminjasafn – skýrsla*

Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri ÞK, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir skýrslu um herminjasafnið og tók þátt í umræðum. Stjórn telur mikilvægt að ræða við stjórnvöld um fjármögnun til uppbyggingar reksturs á herminjasafni.

4. *Háskólavellir ehf.- fjárhagsleg endurskipulagning*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi fjárhagslega endurskipulagningu HV. Stjórn lagði áherslu á að gengið verði frá samningum um endurskipulagningu sem allra fyrst í samræmi við það upplegg sem farið hefur á milli aðila.

5. *Önnur mál*

- a. Orkutengd uppbygging – Framkvæmdastjóri fór yfir þau mál sem eru í vinnslu í orkutengdri uppbyggingu.
- b. Seltún – Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi þróun sjúkrahúss.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

